



360. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í ráðstefnusalnum Gallerí á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 12. september 2024 kl. 15:00. Fundurinn var vinnufundur.

Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs, Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri, Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Fræðslu- og almenningisíþróttasviðs, Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri og Helga Þórðardóttir lögfræðingur.

Á Microsoft Teams: Daníel Jakobsson og Hjördís Guðmundsdóttir.

Forföll: Elsa Nielsen, Garðar Svansson og Valdimar Leó Friðriksson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu þessarar vikunnar, sbr. samantekt sem lögð var fyrir fundinn.

2. Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Forseti fór yfir stöðuna. Fyrir liggja drög að samningi á milli ÍSÍ og UMFÍ um ýmis hagnýt mál er snúa að rekstri stöðvanna sem skýrir verkaskiptingu á milli samtakanna. Forseti skýrði drögin og urðu umræður um þau.

Helga Þórðardóttir lögfræðingur ÍSÍ kynnti drög að reglugerð um Hvatásjóð íþróttahreyfingarinnar sem verður í eigu ÍSÍ og UMFÍ. Umræður urðu um einstakar greinar reglugerðarinnar. Tillögur komu fram um lagfæringar á orðalagi og nokkrar breytingar. Skjalið verður uppfært í takt við framkomnar tillögur og borið undir stjórn UMFÍ.

Forseti mun setja sig í samband við ráðuneytið varðandi fyrirkomulag úthlutana og tímaramma.

3. Ólympísk verkefni

Framkvæmdastjóri leiddi þennan dagskrárlið. Farið var yfir ólympísk verkefni á næstu Ólympíuöðu og sýndi yfirlit yfir kostnaðarskiptingu við verkefnin, sem er misjöfn eftir verkefnum.

Rætt um verkefnin, forgangsröðun þeirra, mikilvægi og kostnað. Umræður urðu einnig um áherslur í starfi ÍSÍ, þörfina fyrir aukið fjármagn til afreksstarfs og stöðu sérsambanda

Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ skýrði frá því að fundað verði með sérsamböndum til að fá þeirra skoðun á þessum verkefnum, með framtíðina og stefnumörkun að leiðarljósi. Vésteinn skýrði einnig frá sinni sýn og áherslum varðandi verkefnin.

Áriðandi er að kostnaðarhlutdeild ÍSÍ í ólympískum verkefnum næsta árs verði að liggja fyrir eins fljótt og hægt er og verður málið því aftur rætt í framkvæmdastjórn.

4. Formannafundur ÍSÍ 2024 og Íþróttaping ÍSÍ 2025

Formannafundurinn verður haldinn 22. nóvember nk. og er verið að skoða mögulega staðsetningu í bæjum rétt utan hennar. Dagskrá fundarins er hefðbundin en umræður urðu um möguleg fundarefni til kynningar og skýrsluflutning.

Samþykkt að Íþróttaping ÍSÍ fari fram dagana 16. og 17. maí 2025. Staðsetning liggur ekki ennþá fyrir. Ljóst er að leggja þarf fyrir þingið tillögur um breytingar á lögum ÍSÍ og er unnið að þeim undir stjórn Helgu Þórðardóttur lögfræðings ÍSÍ.

Helga skýrði frá helstu verkefnum í daglegum störfum hjá ÍSÍ. Hún sagði verkefni sem snúa að regluverki hreyfingarinnar nánast óþrjótandi og sýni glögglega þörfina fyrir að efla og skýra

regluverk, gæta að heimildum og bæta umgjörð, stuðningsefni og verkfæri fyrir hreyfinguna. Umhverfið væri sífellt að verða flóknara og því þörf á reglulegri endurskoðun og uppfærslum.

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhugaðri fjármálaráðstefnu ÍSÍ í október/nóvember.

5. Framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar

Forseti leiddi þennan dagskrárlið. Rætt var almennt um hagræðingu í starfi hreyfingarinnar, áskoranir og tækifæri. Rætt um svæðisstöðvar íþróttahreyfingarinnar, hlutverk þeirra og framtíðarsýn. Mikil þörf er fyrir meira fjármagn í hreyfingunni og ein leið til þess er að hagræða og auka samvinnu. Ljóst er að bæði stofnun svæðisstöðvanna og eins sú vinna sem unnin hefur verið varðandi umhverfi afreksíþróttar gefur ýmis tækifæri til breytinga og umbóta.

Ákall hefur verið frá hreyfingunni um meira samstarf á milli ÍSÍ og UMFÍ. Mörg verkefni eru nú unnin sameiginlega af ÍSÍ og UMFÍ og hefur samvinna samtakanna aukist mikið eftir flutning UMFÍ í Íþróttamiðstöðina. Hefur það haft ýmsa hagræðingu í för með sér og einföldun út í hreyfinguna.

Ragnhildur Skúladóttir fór yfir fræðsluverkefni ÍSÍ sem unnin eru í samstarfi við aðra og það hagræði sem hlotist hefur af því.

Rætt um uppbyggingu þjóðarhallarinnar fyrir inniþróttir. Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti fór ítarlega yfir stöðu þessa máls og hvað framundan er. Umræður urðu um uppbyggingu á Laugardalsvelli, aðstöðu frjálsíþróttar og aðstöðumál ýmissa íþróttagreina.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 359. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ
- 318. og 319. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ.
 - Staðfest viðbótarúthlutun til Handknattleikssambands Íslands að upphæð kr. 4 milljónir vegna þátttöku A-landsliðs kvenna í lokamóti EM í nóvember 2024.
 - Staðfestar niðurfellingar vegna árána 2022 og 2023, skv. fundargerð.
- Fundargerð laganefndar frá 2. september sl.. Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála samþykktar. Fundargerðinni fylgdi einnig minnisblað um breytt verklag um heiti íþróttafélaga. Breytingarnar voru samþykktar.
- Fundargerð fjármálaráðs ÍSÍ frá 10. september sl.

7. Viðburðir framundan

Farið var yfir viðburði sem framundan eru.

8. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar 10. október og 21. nóvember og 5. desember nk.

9. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Framkvæmdastjórn snæddi saman kvöldverð á Grand Hótelu að loknum fundi.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari